

**600. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 12.
janúar 2023 og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir formaður, Guðmundur Ólafsson varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður og Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður.

Embættismenn:

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Guðmundur Rafn Kristjánsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Ósk um breytingu á aðalskipulagi vegna Mjólkárlnu 2 - 2022090041

Á síðasta fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, nr. 599, var lagt fram minnisblað frá Verkís, dags. 8. desember 2022, þar sem farið er yfir umsagnir/athugasemdir um aðalskipulagsbreytingu vegna Mjólkárlnu 2. Í minnisblaðinu eru sett fram svör við umsögnum/athugasemdum og lögð til viðbrögð þar sem það á við.

Einnig lögð fram uppfærð skipulagsgögn í samræmi við minnisblaðið.

Á fundinum var bókað: Skipulags- og mannvirkjanefnd mun taka afstöðu til erindis á 600. fundi nefndar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar málinu til næsta fundar og óskar eftir að fulltrúar Landsnets verði boðaðir til fundarins.

2. Ósk um skipulagsbreytingar við Mjólká - 2022110031

Lögð fram skipulagslýsing, dags. 10. janúar 2023, vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2022, „Mjólká - Stækkun virkjunar og afhending grænnar orku“ unnin af Verkís fyrir Orkubú Vestfjarða.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila auglýsingu skipulagslýsingar skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

3. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Lagður fram tölvupóstur frá Sölva Sólbergssyni f.h. Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, dags. 29. nóvember 2022, vegna skipulagsmála á Hesteyri og staðsetningu lykिलinnviða í endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindinu til vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

4. Hafnarstræti 15 - Ósk um óverulega deiliskipualgsbreytingu - 2022090131

Lagður fram uppfærður uppdráttur ásamt greinargerð, dags. 13. október 2022, unninn af Verkís ehf. vegna óska um breytinga á deiliskipulagi miðbæjar og hafnarsvæðis Þingeyrar út af hliðrun á lóðarmörkum milli Hafnarstræti 15 og 17. Lóðin við Hafnarstræti 17 minnkar þar sem lóðin við Hafnarstræti 15 stækkar um 421,8 fm. Byggingarreitir breytast einnig.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimilt verði að auglýsa óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar og hafnarsvæðis á Þingeyri, Hafnarstræti 15 og 17 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

5. Laxeldi í Arnarfirði - Arctic Sea Farm - 2016020071

Lögð fram tilkynning um ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 22. desember 2022, um matsskyldu vegna áforma um notkun ásætuvarna í eldi Arctic Sea Farm í Arnarfirði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 30. janúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

6. Laxeldi í Arnarfirði - Arctic Sea Farm - 2016020071

Lögð fram tilkynning um ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 22. desember 2022, um matsskyldu vegna breytinga á afmörkun eldissvæða Arctic Sea Farm, við Hlaðsbót, Tjaldanes, Hringsdal og Kirkjuból í Arnarfirði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 30. janúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

7. Aðalgata 17 á Suðureyri. Umsókn um lóð undir tvíbýlishús - 2023010071

Lögð fram umsókn frá Elíasi Guðmundssyni f.h. Nostalgíu ehf. dags. 6. janúar 2023, þar sem er sótt um byggingalóðina Aðalgötu 17 á Suðureyri.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóðina við Aðalgötu 17 Suðureyri, skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða.

Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

8. Aðalgata 19 á Suðureyri. Umsókn um lóð undir tvíbýlishús - 2023010070

Lögð fram umsókn frá Elíasi Guðmundssyni f.h. Nostalgíu ehf. dags. 6. janúar 2023, þar sem er sótt um byggingalóðina Aðalgötu 19 á Suðureyri.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóðina við Aðalgötu 19 Suðureyri, skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða.

Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

9. Ársskýrsla 2022 - Slökkvilið Ísafjarðarbæjar - 2023010042

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir starfsárið 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Helga Þuríður Magnúsdóttir

Guðmundur Rafn Kristjánsson